


Vefgátt héraðsdómstóla


Móttaka gagna

- Þegar héraðsdómur sendir gögn í gegnum vefgátt dómstóla fær viðtakandinn tölvupóst þess efnis.



- Til að opna vefgáttina er hægt að smella á hlekkinn í tölvupóstinum. Einnig er hægt að fara beint inn á <https://vefgatt.domstolar.is/web/index.html>
- Viðtakandi skráir sig inn á vefgáttina með rafrænum skilríkjum til auðkenningar. Smella skal á innskráning, sjá merkt með gulu á mynd, til þess að fá upp rafræna auðkenningu.




 island.is

Rafræn skilríki

Skilríki í síma:

Innskrá

4. Velja skal „Mitt yfirlit“ og þar fyrir neðan málið sem um ræðir.

 VEFGÁTT.DOMSTOLAR.IS

[HEIM](#) [INNHÖLF](#) **[MITT YFIRLIT](#)** [INNSENDING GAGNA](#) [LILJA BJÖRK SIGURJÓNSDÓTTIR](#)



Vefgátt dómstóla

VEFGÁTT HÉRAÐSDÓMSTÓLA, LANDSRÉTTAR OG DÓMSTÓLASÝSLUNNAR

Vefgáttin er gagnamiðlunarsvæði sem tengist upplýsingakerfi dómstóla og dómstólasýslu. Mælt er til þess að allar almennar fyrirspurnir berist til Landsréttar, Héraðsdómstóla eða eftir atvikum til Dómstólasýslunnar.

Mín mál

MITT YFIRLIT

Mál	Tilvísun	Fylgiskjöl	Staða	Stofnað	Síðast breytt
	S2211-0086		Í vinnslu	16.11.2022	16.11.2022

5. Þá birtist eftirfarandi skjámynd, velja skal „Viðhengi“ til að hlaða niður skjalinu.

MÁL

Hér birtist málsnúmerið ásamt málsheiti.

Titill: **Hér birtist málsnúmerið ásamt málsheiti.**

Tilvisun: S2211-0086

Sendingarnúmer: **Hér birtist málsnúmerið, t.d. E-12/2022**

Máategund: **Hér birtist tegund máls, t.d. L - Lögræðismál**

Staða: Í vinnslu


Deiling: Deilt eingöngu með þér

Stofnað: 16.11.2022 15:49

Síðast breytt: 16.11.2022 15:49

Innihald máls


Undirskjöl

Titill	Tegund	Flæði	Skráð af	Stofnað
 Hér birtist heiti skjalsins.	Viðhengi	Inn	Málsaðili	16.11.2022

Ný athugasemd Nýtt fylgiskjal

6. Þegar skjal hefur verið móttengið einu sinni í máli bætast öll ný skjöl frá héraðsdómi í viðkomandi máli undir sama málið í vefgáttinni. Nýja skjalið lendir því ekki efst í Mitt yfirlit.

Hægt er að finna það með því að annars vegar raða yfirlitinu eftir *Síðast breytt*. Það er gert með því að smella þar sem er gulmerkt hér á myndinni.

MITT YFIRLIT					
Mál	Tilvisun	Fylgiskjöl	Staða	Stofnað	▲ Síðast breytt
	S2311-0181	4	Í vinnslu	16.11.2023	21.11.2023

Einnig er hægt að leita að málinu eftir málsnúmeri með því að nota leitargluggann í vefgáttinni. Smellið á stækkunarglerið efst í valmyndinni og þá kemur upp leitargluggi. Hér er málsnúmerið slegið inn og smellt á leita.



Leitarsíða

LEIT

Leita

G-1/2023

Leita

Þá opnast hér fyrir neðan öll skjöl sem hefur verið deilt í málinu og hægt er að nálgast þau eins og útskýrt er í 5. lið.